

Byggðamálaráð

Fundargerð 5. fundar byggðamálaráðs

Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 23. september 2019 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Nýsköpun og byggðapróun.
2. Skýrsla ráðherra um framvindu byggðaaætlunar.
3. Sameiginlegur fundur byggðamálaráðs, fjarskiptaráðs og samgönguráðs.
4. Þingsályktunartillaga um stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga.
5. Önnur mál.

Mættir: Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson (á símafundi frá Sauðárkróki), Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Ingveldur Ása Konráðsdóttir (á símafundi frá Húnaþingi vestra), Karl Björnsson, Hermann Sæmundsson, Sigtryggur Magnason og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Gestir: Sigríður Valgeirsdóttir og Íris Huld Chrustersdóttir, sérfræðingar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna. Tæknilegir örðugleikar í tengslum við fjarfundarbúnað urðu til þess að fundur hófst ekki fyrr en kl. 13.28.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Nýsköpun og byggðapróun

Sigríður Valgeirsdóttir og Íris Huld Chrustersdóttir mættu á fundinn til að kynna tillögu að nýsköpunarstefnu sem unnið hefur verið að í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu síðastliðið ár. Áætlað er að stefnan fari í opinbera kynningu í október. Rætt um markmið stefnunnar og aðgerðir, eða ábendingar, sem henni fylgja.

Í byggðaaætlun er áhersla á nýsköpun, enda er hún forsenda framfara og skiptir miklu máli fyrir byggðapróun. Við næstu endurskoðun byggðaaætlunar verður mið tekið af nýsköpunarstefnu og er byggðamálaráð sammála um að mikilvægt sé að samþætta eins og kostur er þessar tvær opinberu stefnur. Byggðamálaráð telur einnig mikilvægt að skoða hvort aðgerðir sem fylgja drögum að nýsköpunarstefnu geti með einhverjum hætti styrkt einstaka aðgerðir byggðaaætlunar og samþætt þannig áætlanirnar.

Gestir yfirlögðu fundinn kl. 14.10

2. Skýrsla ráðherra um framvindu byggðaaætlunar

Fundarmenn höfðu fengið send drög að skýrslu ráðherra um framvindu stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2018-2024. Drögin voru rædd ásamt eftirfylgni aðgerða. Verkefnisstjóri mun vinna skýrsluna áfram og senda lokadrög til byggðamálaráðs þegar þau liggja fyrir. Áætlað er að skýrslan verði lögð fram á Alþingi í október.

Byggðamálaráð

3. Sameiginlegur fundur byggðamálaráðs, fjarskiptaráðs og samgönguráðs

Rætt var um dagskrá og tilgang sameiginlegs fundar byggðamálaráðs, fjarskiptaráðs, samgönguráðs og starfshóps um sveitarstjórnaráætlun sem ráðherra hefur boðað til þann 25. október nk. Markmið fundarins er að kynna hlutverk ráðanna í samþættingu á áætlunum samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis á grundvelli nýrrar hugsunar í stefnumótun ráðuneytisins.

4. Þingsályktunartillaga um stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga

Frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.35.